

## **27. fundur hverfisnefndar Holta- og Hlíðarhverfis haldinn í Glerárskóla 18.08. 2009.**

**Mættir:** Pálína Jónsdóttir, Ingvar Þóroddsson, Aldís Einarsdóttir og Brynja Sigurðardóttir.  
Þá kom einnig fulltrúi frá Foreldrafélagi Glerárskóla – Andrea Waage formaður félagsins.

### **Fundarefni.**

#### **Sandgerðisbót - deiliskipulag – endurskoðun**

Ingvar skýrði frá því að tekið hafi verið tillit til athugasemda sem hverfisnefndin sendi frá sér vegna endurskoðunar á deiliskipulagi Sandgerðisbótar og tekin var fyrir á fundi bæjarráðs 13. ágúst síðastliðinn. Hægt er að skoða fundargerðina á heimasíðu Akureyrarbæjar.

#### **Hausthátíð Holta og Hlíðarhverfis í samstarfi Hverfisnefndar og Foreldrafélags Glerárskóla**

Ákveðið var að hún skyldi haldin 12. september n.k. Farið var yfir ýmsar hugmyndir og hvert skipulagið yrði fram að næsta fundi. Skiptu nefndarmenn á milli sín verkum og ákveðið var að hittast aftur þann 3. september. Eiga þá allir lausir endar að vera frágengnir.

Fundur verður haldin með bekkjarráðum í skólanum þann 8. september og þar verður þeim skýrt frá þeirra hlutverkum í hausthátíðinni.

### **Önnur mál**

Andrea formaður Foreldrafélagsins spurðist um hlutverk hverfisnefndarinnar og var hlutverk hennar útskýrt. Stuttu seinn vék Andrea af fundi þar sem hausthátíðin var frá.

Nefndarmenn veltu þá fyrir sér næstu verkefnum þeirra eftir hausthátíðina og var ákveðið að byrja á að skoða göngustíga í hverfinu á korti og ætlar Aldís að nálgast það hjá Akureyrarbæ.

### **Fundartími**

Næsti fundur var ákveðinn 3. september klukkan 19:00 í Glerárskóla.

Fleira var ekki rætt.

Ritað 18. ágúst 2009  
Brynja Sig.